

46. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 8.7.2026

Fundartími: 16:30 – 18:00

Mætt til fundar:

Pórey Þórisdóttir, Hafnarfirði

Þórarinn Örn Andrésson, Mosfellsbæ

Ásgeir G. Bjarnason, Seltjarnarnesi

Jóhann Sveinn Friðleifsson, Kópavogi

Ingibjörg Hauksdóttir, Garðabæ

Gnýr Guðmundsson Samtök atvinnulífsins

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Anna Birna Björnsdóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Skipan heilbrigðisnefndar að loknum kosningum

Í samræmi við sveitarstjórnarlög er skipað í heilbrigðisnefnd að loknum sveitarstjórnarkosningum sem fram fóru 16. maí sl. Kosid er í nefndir á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar sem fram fóru í júní.

Eftirtaldir voru kosnir til setu í heilbrigðisnefnd 2026-2030. Fyrir Kópavog, Jóhann Sveinn Friðleifsson aðalmaður, Guðmundur Jóhann Jónsson varamaður. Fyrir Hafnarfjörð; Pórey S. Þórisdóttir aðalmaður, Sigríð Foss varamaður. Fyrir Garðabæ; Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir varamaður. Fyrir Mosfellsbæ; Þórarinn Örn Andrésson aðalmaður, Gylfi Þór Þorsteinsson varamaður. Fyrir Seltjarnarnes; Ásgeir G. Bjarnason aðalmaður, Magnús Benediktsson varamaður. Fulltrúi Samtök atvinnulífsins; Gnýr Guðmundsson aðalmaður, Bryndís Skúladóttir varamaður. Samkvæmt Samþykktum um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, skiptir heilbrigðisnefnd með sér verkum og ræður meirihluti atkvæða afgreiðslu mála. Í 2. gr. lið 2.4. kemur fram að formaður og varaformaður skulu kosnir til tveggja ára í senn og skiptist milli Hafnarfjarðar og Kópavogs. Til samræmis við þá grein er lagt til að formaður verði Pórey Þórisdóttir og varaformaður Jóhann Sveinn Friðleifsson.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að formaður verði Pórey S. Þórisdóttir og varaformaður Jóhann Sveinn Friðleifsson.

2. Dagskrárliður: Ný samþykkt lög um verkefni heilbrigðisnefnda færast til Stofnunar atvinnuveganna og Umhverfis- og orkustofnunar

Þann 19. júní sl. voru samþykkt á Alþingi lög um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum. Jafnframt voru samþykkt ný lög á sama tíma um Stofnun atvinnuveganna. Megininntak þessara breytinga fellast í því að heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna verða lagðar niður frá og með 1. janúar 2027 og verkefni heilbrigðisnefnda færð til Stofnunar atvinnuveganna og Umhverfis- og orkustofnunar. Samkvæmt lagabreytingunum er þó gert ráð fyrir að sveitarfélögin geti sett sér eigin samþykktir um atriði sem ekki

1

Ar JK BSA JSF JSP

er fjallað um í reglugerðum eða gert um einstök atriði ítarlegri kröfur en fram koma í þeim, enda falli þau undir lögin. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um bann eða takmörkun gæludýrahalds, meðferð úrgangs og skolps, gjalddöku fyrir leyfi, leigu eða veitta þjónustu og ábyrgðartryggingar.

Ljóst er að yfirfara þarf allar samþykktir sveitarfélaga er varða þessa málaflokka sem um ræðir og má þar nefna, Samþykktir um verndarsvæði vatnsbóla, samþykktir um umgengni og þrífnað utan húss, samþykktir um fráveitur, samþykktir um kattahald, samþykktir um hundahald, samþykktir um húsdýrahald og almennt gæludýrahald, samþykkt um meðhöndlun úrgangs, samþykktir um hæsnahald og lögreglusamþykktir. Þá þarf að yfirfara Aðalskipulagskröfur og deiliskipulagsskilmála þar sem ákvæði eru um hlutverk heilbrigðisnefnda s.s. eftirfylgni með ákveðinni starfsemi, mælingum á loftgæðum, vöktun á verndarsvæðum, sýnatökum af yfirborðsvatni og úr sjó og umsjón með svifryksmælingum, brennisteinstvíoxíð, flúor og annarri loftmengun, auk mælinga á þungmálmum þar sem það á við.

Heilbrigðisnefnd óskar eftir upplýsingum frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga um með hvaða hætti sambandið gerir ráð fyrir að unnið verði að þeim breytingum á samþykktum sveitarfélaganna sem nauðsynlegar eru. Samkvæmt því sem fram kemur í greinargerðum með frumvörpunum hefur ítarlegt samráð verið við Samband Íslenskra sveitarfélaga um þessi atriði, en engar leiðbeiningar eða upplýsingar liggja frammi varðandi þau atriði sem gert er ráð fyrir að sveitarfélögin sinni.

3. Dagskrárliður: Endurupptökubeiðni kæranda vegna aflífunar á hundi

Eigendur hundsins Herkúlesar óskuðu með erindi dags. 23. maí sl. að Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála tæki til endurákvörðunar úrskurð nefndarinnar sem kveðinn var upp 21. maí sl. þar sem hafnað var ógildingu ákvörðunar Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness frá 30. mars 2026 um að aflífa skyldi hundinn Herkúles. Niðurstaða Úrskurðarnefndar dags. 23. júní 2026 er að ekki er tekið undir þá ályktun eiganda að úrskurðurinn kunni að hafa verið byggður á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum og því er hafnað þeirri beiðni eiganda um endurupptöku úrskurðarins.

Heilbrigðiseftirlitinu ber að framfylgja ákvörðun heilbrigðisnefndar sem staðfest var af úrskurðarnefnd Umhverfis- og auðlinda og hefur eiganda verið send tilkynning þar um, þar sem óskað er eftir að eftirlitinu verði send staðfesting frá dýralækni sem annast verkið innan 14. daga frá dagsetningu tilkynningarinnar sem send var 26. júní 2026. Eigendur hundsins hafa tilkynnt heilbrigðiseftirlitinu að hundurinn hafi verið fluttur úr landi og hefur eftirlitið fengið staðfestingu frá MAST um að svo sé og hundurinn hafi verið fluttur úr landi þann 12. febrúar sl. Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir heimild heilbrigðisnefndar til að fylgja eftir ákvörðun heilbrigðisnefndar í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, en samkvæmt 61. gr. getur heilbrigðisnefnd ákveðið viðkomandi dagsektir.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að heimilt sé að beita dagsektum að fjárhæð kr. 10.000 ef aðili sinnir ekki fyrir mælum heilbrigðisnefndar. Aðila skal veitur hæfilegur frestur til að verða við tilmælum heilbrigðisnefndar.

4. Dagskrárliður: Lífsgæðakjarni í Vatnshlíð, deiliskipulagslýsing - umsögn HEF

Auglýst er lýsing vegna nýs deiliskipulags fyrir lífsgæðakjarna í Vatnshlíð í Hafnarfirði. Á skipulagssvæðinu er fyrirhuguð uppbygging lífsgæðakjarna þar sem samþætt er búseta og þjónusta fyrir eldra fólk. Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði (ÍB-12) í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2025-2040 og er um 7 ha að stærð. Áformað er að koma fyrir hjúkrunarheimili, heilsugæslu og þjónustuíbúðum á svæðinu.

Heilbrigðiseftirlitið hefur skoðað deiliskipulagslýsinguna og gerir ekki athugasemdir við hana.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

Adi JB JSF

psk þsp

5. Dagskrárliður: Lýsing á fyrirhuguðu skipulagssvæði Þríhnúkagígs

Fyrirhugað er að skipulagssvæðið taki til Þríhnúkagígs ásamt gönguleiðum og öðrum mannvirkjum vegna aðstöðu fyrir ferðapjónustu og útivist í nágrenninu. Svæðið er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði og óbyggt svæði í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Meginmarkmið skipulagsvinnunnar er að móta framtíðarsýn um ferðapjónustu starfsemi við Þríhnúka og aðgengi að svæðinu.

Þríhnúkagígur og skíðasvæðið í Bláfjöllum eru á fjarsvæði vatnsverndar. Skýr krafa er í öllum tilfellum að tryggt verði að grunnvatn mengist ekki vegna framkvæmda eða reksturs á svæðinu, enda mengun vatns óheimil sbr. ákvæði reglugerðar nr.796/1999 um mengun vatns og í reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Í skýrslu Mannvits frá desember 2017 (Uppbygging aðstöðu við Þríhnúkagíg og Bláfjöll, áhættumat gagnvart vatnsvernd) er fjallað um þær mótvægisáðgerðir sem gerðar eru kröfur um gagnvart starfseminni. Heilbrigðiseftirlitið hefur fylgst vel með starfsemi við Þríhnúkagíg frá því fyrsta starfsleyfi til rekstursins var gefið út í febrúar 2012 og getur staðfest að vel hefur verið staðið að öllum framkvæmdum og rekstri á svæðinu með tilliti til vatnsverndar og viðkvæmni svæðisins. Heilbrigðiseftirlitið gerir því ekki athugasemdir við deiliskipulagslýsinguna, en áskilur sér rétt til að koma að athugasemdum á síðari stigum, ef ástæða er til.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

6. Dagskrárliður: Sunnukriki 5, Mosfellsbæ - deiliskipulagsbreyting

Um er að ræða skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 og samhliða breytingar á deiliskipulagi Krikahverfis fyrir lóðina Sunnukrika 5 á miðsvæði 401-M. Markmið breytingarinnar er að endurskoða skipulagsákvæði fyrir Sunnukrika 5 þannig að nýting lóðarinnar verði fjölbreyttari og betur aðlöguð að miðsvæði með blandaðri starfsemi.

Í umsögn HEF frá dags.31.05.2026 er vakin athygli á mikilvægi hljóðvistar og farið verði í mótvægisáðgerðir ef niðurstaða hljóðvistar er ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða nr.724/2008. Jafnframt er vakin athygli á því að gera þurfi ítarlegar kröfur til hönnunar atvinnuhúsnæðis með tilliti til mengunar, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar innan bygginga. Þá verði einnig hugað að aðgreiningu íbúða frá atvinnutengdum rýmum. Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við lýsinguna en vekur athygli á að gera þarf ítarlegar kröfu varðandi atvinnurekstur s.s. bílapvottastöðvar eða sambærilegrar þjónustu og að hreinsimannvirki séu fullnægjandi svo ekki komi til mengunar í fráveitukerfi sveitarfélagsins. Heilbrigðiseftirlitið áskilur sér rétt til að koma að athugasemdum á síðari stigum málsins.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

7. Dagskrárliður: Aðalskipulag Hafnarfjarðar, endurskoðun - tillaga í auglýsingu

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 22. apríl sl. var samþykkt uppfærð tillaga að aðalskipulags Hafnarfjarðar 2025-2040. Endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar mótar stefnu um vöxt byggðar, hagkvæma nýtingu lands og gæði umhverfisins. Endurskoðunin byggir á framtíðarsýn bæjarins um vellíðan íbúa og ábyrga þróun til ársins 2040, en þá er áætlað að íbúar verði á bilinu 38.000-45.000. Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og skilaði inn umsögn um tillöguna á vinnslustigi. Heilbrigðiseftirlitið tekur undir helstu markmið endurskoðunar á skipulaginu þar sem lögð er áhersla á að vinna út frá markmiðum laga um að skipulagsáætlanir stuðli að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslag eins og kostur er og náttúru og reynt er eins og kostur er að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Heilbrigðiseftirlitið vill þó ítreka nokkrar ábendingar til skipulagsyfirvalda varðandi þætti sem snúa að umhverfi og heilnæmu umhverfi fyrir íbúa. Ábendingarnar snúa að eftirtöldum atriðum í greinargerð með aðalskipulaginu. Nánari lýsing á þeim atriðum koma fram í greinargerð heilbrigðiseftirlitsins sem birt er í Samráðsgátt í máli nr. 1446/2025.

AP 24 JSP

DOA Psp

- Samræming skipulagsáætlaana við lög um stjórn vatnamála.
- Efnistökusvæði.
- Skrá yfir menguð svæði.
- Vatnsverndarsvæði.
- Fráveitumál.
- Íþróttasvæði.
- Búseta í atvinnuhúsnæði.
- Loftgæði - loftlagsmál.
- Samgöngur.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

8. Dagskrárliður: Efnistaka úr Undirhlíðum

Um er að ræða vinnslutillögu deiliskipulags vegna fyrirhugaðrar efnistöku í Undirhlíðum. Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness hefur farið yfir vinnslutillögu deiliskipulags fyrir Undirhlíðanámu í Hafnarfirði. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan vatnsverndarsvæðis, á fjarsvæði vatnsverndar, auk þess sem svæðið er innan Reykjanesfólkvangs og í nágrenni mikilvægra vatnsbóla og fyrirhugaðra vatnsbóla. Heilbrigðiseftirlitið telur að í fyrirbyggjandi gögnum séu nokkur atriði sem þurfi að skýra betur áður en hægt er að leggja fullnægjandi mat á áhrif skipulagsins á vatnsvernd, vatnshlot, mengunarhættu og forsendur síðari leyfisveitinga heilbrigðisnefndar. Heilbrigðiseftirlitið hefur áður bent á að ófullnægjandi upplýsingar séu um forsendur þeirrar ályktunar að áhrif á vatnshlot og vatnsvernd verði óveruleg. Í því sambandi má benda á að afmörkun grunnvatnshlots eins og gefið er upp í greinargerð með tillögunni fylgir ekki grunnvatnsskilum. Að mati heilbrigðiseftirlits þarf að líta til raunverulegs grunnvatnskerfis, þ.á.m. grunnvatnsskila, straumstefnu, sprungna, misgengja, lektar og mögulegra mengunarleið, auk áhrifa á núverandi og fyrirhuguð vatnsból. Að óbreyttum gögnum telur heilbrigðiseftirlitið verulegan vafa leika á því hvort fyrirhuguð framkvæmd geti uppfyllt skilyrði vatnsverndarsamþykktarinnar, einkum þau skilyrði að sýnt sé fram á að engin hætta sé á mengun grunnvatns og að tryggt sé að grunnvatn mengist ekki. Ítarlegri samantekt heilbrigðiseftirlits er birt í skipulagsgátt undir máli nr.535/2026.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

9. Dagskrárliður: Uppsöfnun á hrossataði - frístundalóð

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness fékk ábendingu um mikla söfnun á hrossataði á lóð Selmerkurveggar 23, Mosfellsbæ, á sumarhúsaloð sem liggur innan vatnsverndarsvæðis. Farið var á staðinn samdægurs þann 03.06.2026 þar sem mikið magn hrossataðs fannst á lóðinni. Lóðarhafa var gerð grein fyrir að óheimilt er að vera með starfsemi sem getur haft í för með sér mengun á vatnsverndarsvæði. Þá sé óheimilt að farga eða urða húsdýráburð nema á viðurkenndum urðunarstað.

Lóðarhafa var gerð grein fyrir að óheimilt er að vera með starfsemi sem getur haft í för með sér mengun á vatnsverndarsvæði. Þá sé óheimilt að farga eða urða húsdýráburð nema á viðurkenndum urðunarstað. Heilbrigðiseftirlitið gerir kröfu um að lóðareigandi fjarlægji mön sem liggur við akveg á vesturenda lóðar, til að ekki verði hætta á mengun á nærliggjandi vatnsból. Þá er lóðareiganda jafnframt bent á að sækja þarf um starfsleyfi fyrir framkvæmdum s.s. jarðvegsframkvæmdum samkvæmt 56. gr. vatnsverndarsamþykktar. Lóðareigandi hefur lagt fram andmæli, þar sem m.a. eru gerðar athugasemdir við kröfuna og hann hafi ekki fengið rétt til andmæla og hér sé um að ræða jarðvegsbætur sem fram hafa farið á lóðinni um áratugum saman.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að gerð verði krafa um að lóðareigandi fjarlægji það hrossatað sem nýtt hefur verið í mön sem liggur við akveg á vesturenda lóðar. Jafnframt að lóðareiganda sé gerð grein fyrir

Handwritten signatures and initials: AER, JH, JSF, 4, DSA, PSH

að það þurfi leyfi heilbrigðisnefndar í samræmi við ákvæði samþykktar nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar til framkvæmda innan vatnsverndarsvæðis.

10. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 113, dags. 3. júní 2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar dags. 3. júní 2026 til kynningar og staðfestingar.

11. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 114, dags. 10. júní 2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar dags. 10. júní 2026 til kynningar og staðfestingar.

12. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 115, dags. 18. júní 2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar dags. 18. júní 2026 til kynningar og staðfestingar.

13. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 116, dags. 24. júní 2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar dags. 24. júní 2026 til kynningar og staðfestingar.

14. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 117, dags. 1. júlí 2026

Fundargerð afgreiðslufundar dags. 1. júlí 2026 lögð fram til kynningar og samþykktar.

Undirskrift fundargerðar


Pórey Þórsdóttir


Þórarinn Örn Andrésson


Ingibjörg Hauksdóttir


Jóhann Sveinn Friðleifsson


Ásgeir G. Bjarnason

Gnýr Guðmundsson

113. Afgreiðslufundur HEF

Dags. 3. júní 2026

1. Ásvellir 1 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lögð fram umsagnarbeiðnir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Boxfit ehf., kt. 420718-0550 dags. 27.05.2026 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir hnefaleikakeppni í Haukaheimilinu Ásvöllum 1, Hafnarfirði. Þann 12.06.2026 kl. frá kl. 18:00 - 00:00. Áætlaður gestafjöldi 1200 manns.
Jákvæð umsögn.

2. Herjólfsgata (gengt nr. 38) fargufa - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Gylfa Jónssonar f.h. Herjólfsgufan ehf., kt. 610225-0200 dags. 26.05.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fargufu, staðsett gengt Herjólfsgötu 38, Hafnarfirði. Endurnýjun. Herjólfsgufan ehf. fær stöðuleyfi fyrir sauna við Herjólfsgötu frá 01.05.2026 til 30.04.2027 á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa dags. 18.3.2026.
Með vísan til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 03.06.2026.

3. Bæjarhraun 6 Hafnarfirði - snyrtistofa - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Mihaela Rotariu f.h. Glow ehf., kt. 480322-1260 dags. 05.05.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Bæjarhrauni 6, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2234652. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 05.05.2026 Auglýst dags. 05.05.2026-02.06.2026.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

115. Afgreiðslufundur HEF

Dags. 18. júní 2026

1. Nýbýlavegur 8 Kópavogi - matvælaframleiðsla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Leslie Rene Wenglein f.h. Mjöll Ísgerð ehf., kt. 601025-0860 dags. 08.06.2026 þar sem sótt er um leyfi fyrir matvælaframleiðslu (ísgerð) í húsnæði Eldstæðisins að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 12.6.2026.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

2. Bjarkarholt 35 Mosfellsbær - framhaldsskóli - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Kristjáns Arnars Ingasonar f.h. Framhaldsskólans í Mosfellsbæ kt. 480109-0310 dags. 19.05.2026, þar sem sótt er um leyfi fyrir framhaldsskóla með mötuneyti að Bjarkarholti 35, Mosfellsbæ. Fasteignanr. 2331097. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 05.06.2026. Auglýst: 20.05.2026-17.06.2026

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. Hestheimar 14-16 Kópavogi - samkomusalur - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Berglindar Guðmundssonar f.h. Hestamannafélagið Sprettur kt. 590712-0940 dags. 15.05.2026 þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomusal að Hestheimum 14-16 Kópavogi. Fasteignanr. F2329310. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 08.06.2026 Auglýst: 19.05.2026-16.06.2026

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. Þverholt 2 Mosfellsbær - meðferðir - skráning

Lögð fram umsókn Guðnýjar Helgu Kristjánsdóttur kt. 300173-4039 dags. 19.04.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir Hugarrækt, hugleiðslumiðstöð - meðferðir - núvitundarnámskeið - höfuðbeina og spjaldhryggjameðferð að Þverholti 2 Mosfellsbæ. Fasteignanr. 2223708. Breytingar á starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 9.06.2026. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags 15.06.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

7. Dalshraun 8 Hafnarfjörður - Bón- og bílapvottastöð - skráning

Lögð er fram umsókn Óskars Braga Sigbórssonar f.h. Skín og bón ehf., kt. 660225-1020dags. 26.03.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir bón og bílapvottastöð að Dalshrauni 8, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2074313. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.05.2026. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 19.5.2026. Jákvætt svar dags. 11.6.2026.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

8. Hamraborg 16 Kópavogi - sólbaðsstofa - skráning

Lögð fram umsókn Ragnars Ólafs Magnússonar f.h. Sportsól ehf., kt. 531023-0480 dags. 15.01.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir sólbaðsstofu að Hamraborg 16 Kópavogi. Fasteignanr. F2061407. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 28.01.2026. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 11.6.2026. Jákvætt svar 11.6.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

114. Afgreiðslufundur HEF

Dags. 10. júní 2026

1. Miðhraun 8 Garðabæ -vélsmiðja - skráning

Lögð fram umsókn Aðalsteins Guðmundssonar f.h. Vélsmiðja Guðmundar ehf. kt. 701296-3039 dags. 8.06.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir vélsmiðju að Miðhrauni 8, Garðabæ. F2235380. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 08.06.2026

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

2. Nýbýlavegur 8 Kópavogi - matvælaframleiðsla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hrapps Birkis Pálssonar f.h. Z1 ehf. kt. 681215-0770 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu í húsnæði Eldstæðisins að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 10.06.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

3. Eyrartröð 13 Hafnarfirði - fiskvinnsla - skráning

Lögð fram umsókn Arnars Borgars Atlasonar f.h. Tor ehf. kt. 471195-2009 dags. 5.06.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir fiskvinnslu að Eyrartröð 13 Kópavogi. F2074579. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 8.6.2026.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

4. Hamraborg 11 Kópavogi - rekstrarleyfi - umsögn

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 27.05.2026 LEIÐRÉTT (fasteignanúmer og útteitingatími) r f.h. Cafe Catalína ehf., kt. 420913-0520 þar sem sótt er um rekstrarleyfi, veitingaleyfi - B skemmtistaður flokki III, fyrir Cafe Catalína Hamraborg 11, Kópavogi Fasteignanr. F2061448, F2061442. Hámarksfjöldi gesta 200 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 10/6/2026

Jákvæð umsögn staðfest.

5. Reykjavíkurvegur 66 Hafnarfirði - veitingastaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Atla Rafnssonar f.h. Wok to Walk Fly kt. 460126-0960, dags. 01.06.2026, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Reykjavíkurvegi 66 Hafnarfirði. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 09.06.2026.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

6. Laxnes Mosfellsbæ - hestaleiga og krá - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hauks Þórarinssonar f.h. Laxnes ehf., kt. 520503-2850 dags. 27.05.2026 þar sem sótt er um leyfi fyrir hestaleigu og krá að Laxnesi Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2082137. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 09.06.2026.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

7. Skógarlind 2-4 Kópavogi - matvöruverslun - viðbót við starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ólafs Ragnarssonar f.h. Krónan ehf., kt. 711298-2239 dags. 22.05.2026 þar sem sótt er um „snjallverslun“ sem viðbót við starfsleyfi Krónunnar Skógarlind 2-4 Kópavogi. Fasteignanr. F2308035. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 10.06.2026

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

8. Víðistaðatún Hafnarfirði - víkingahátíð - tímabundið leyfi

Ögð fram umsókn Sölku Jóhannsdóttur f.h. Rimmugýgur, áhugamannafélag, kt. 700497-2409 dags. 20.05.2026 þar sem sótt er um Víkingahátíð, útihátíð sem haldin veður á Víðistaðatúni Hafnarfirði dagana 16.06.2026 - 21.06.2026. Minnisblað dags. 9.06.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er tímabundið leyfi samþykkt dagana 16.06.2026 - 21.06.2026.

9. Austurgata 30 Hafnarfirði - matsala 17. júní - tímabundið leyfi

Lögð fram umsókn Svavars G. Jónssonar f.h. Heima hjá þér slf., kt. 711013-1800, dags. 19.05.2026 þar sem sótt er um matsöluleyfi úr tjaldi á íbúðarhátíð sem haldin veður við Austurgötu á 17. júní. Allur undirbúningur fer fram á veitingastaðnum Ban Kúnn. Afgreiðsla matar verður í einnota umbúðum og aðgangur fyrir starfsfólk að Austurgötu 30. Minnisblað dags. 10.06.2026.

Heilbrigðiseftirlitið veitir leyfi fyrir matsölu í tjaldi fyrir utan Austurgötu 30 Hafnarfirði.

10. Bæjarhraun 2 Hafnarfjörður - matarvagn - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Björns Páls Fálka Valssonar f.h. Ísgerð Hafnarfjarðar kt. 500225-1570, dags. 16.05.2026, þar sem sótt er um leyfi fyrir matarvagn sem selur ís frá Ísgerð Hafnarfjarðar, með lögheimili að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 09.06.2026.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

11. Dalvegur 30a Kópavogi - mótuneyti - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Eyrúnar Ýr Hildar Þorleifsdóttur f.h. Ambrosial Kitchen ehf. kt. 710821-1510 dags. 15.05.2026 þar sem sótt er um leyfi til reksturs mótuneytisþjónustu fyrirtækja að Dalvegi 30a Kópavogi. Fasteignanr. F581085. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 9.6.2026. Sent á bf. 3.6.2026. - Öryggisúttektarvottorð barst, dags. þann 1.6.2026.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

12. Víðistaðatún Hafnarfirði - Víkingahátíð - tækifærisleyfi - umsögn

Lögð fram umsagnarbeiðnir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Rimmugýgur áhugamannafélag., kt. 700497-2409 dags. 12.05.2026 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir Víkingahátíð í Hafnarfirði á Víðistaðatúni. frá 16.06.2026 - 20.06.2026 og 21.06.2026 frá kl. frá kl. 10:00 - 20:00. Áætlaður gestafjöldi 20.000 manns. Minnisblað dags. 09.06.2026.

Jákvæð umsögn staðfest.

13. Nýbýlavegur 8 Kópavogi - matvælaframleiðsla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hafþórs Sindra Hafberg f.h. Girnó Cookie ehf. kt. 690825-0740 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu í húsnæði Eldstæðisins að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 10.06.2026.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

14. Reykjavíkurvegur 54 Hafnarfirði - veitingasala - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Viktors Arnar Guðmundssonar f.h. N1 ehf. (Beyglan) kt. 411003-3370 dags. 29.04.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu og dreifingu matvæla að Reykjavíkurvegi 54 Hafnarfirði. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 08.06.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

15. Garðatorg 4b Garðabæ - matvöruverslun - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Söru Lindar Gunnarsdóttur f.h. Vistveru kt. 510423-1000 dags. 30.04.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir verslun með náttúrulegar og umhverfisvænar vörur að Garðatorgi 4b. Fasteignanr. 2351678. Flutningur á starfstöðinni. Eftirlitsskýrsla dags. 10.06.2026

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

16. Seljabrekka Mosfellsbæ - jarðboranir - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hannesar Arnar Ólafssonar f.h. Vatnsborun ehf., kt. 630625-0680 dags. 28.04.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tilraunaboranir og borvinnu með aðsetur að Seljabrekku Mosfellsbæ. Landsnúmer: L123762. Nýtt starfsleyfi. Eftirlitsskýrsla dags. 10.06.2026.

Eiganda gerð grein fyrir breytingar á lögum varðandi fyrirkomulag jarðborana og þeir nú starfsleyfisskyldir hjá Umhverfis-og orkustofnun. Umsókninni því vísað frá.

17. Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar- og tónlistarhátíð - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Páls Eyjólfssonar f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 dags. 22.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Bæjar- og tónlistarhátíð í Bæjarbíó Strandgötu 6 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079433. Tímabundið starfsleyfi. Auglýst: dags.13.05.2026-10.06.2026.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er leyfi veitt frá. 25.06.2026 - 1.08.2026.

18. Strandgata 6 Hafnarfirði - bæjar-og tónlistarhátíð - umsögn

Lögð fram umsagnarbeiðnir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 dags. 22.04.2026 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir Útihátíð, Hjarta Hafnarfjarðar, alla fimmtudaga -laugardaga frá 25.06.2026 - 01.08.2026 frá kl. 16:00 - 23:00, laugardaga frá 13.00 - 23.00 að Strandgötu 6 Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 2000 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

19. Dalvegur 30 Kópavogi - Veitingaleyfi - umsögn

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.06.2026 Breytingar - nýjar teikningar f.h. Glenn's kitchen ehf., kt. 710821-1510 þar sem sótt er um veitingaleyfi í flokki II - C Veitingastofa og greiðasala í fl. II, fyrir Ambrosial kitchen Dalvegi 30, Kópavogi Fasteignanr. F2521419. Hámarksfjöldi gesta 150 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 09.06.2026.

Jákvæð umsögn staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

116. Afgreiðslufundur HEF

Dags. 24. júní 2026

1. Borgarholtsbraut 19 Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn

Lögð fram umsagnarbeiðnir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Kársnes ehf., kt. 560119-2830 dags. 9.06.2026 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónlistarviðburð haldin við Mossley Borgarholtsbraut 19 Kópavogi. F2059078. Þann 4.07.2026 frá kl. 15:00 - 23:30, og 5.07.2026 frá 15.00 - 23.30 Áætlaður gestafjöldi 100 manns.

Jákvæð umsögn.

2. Strandgata 34 Hafnarfirði - listasafn - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Aldísar Arnardóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar kt. 590169-7579 dags. 27.05.2026 þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomusal/listasafn í Hafnarborg Strandgötu 34 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079463. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 15.6.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3. Búðahella 8 Hafnarfirði - áfylling á gashylki - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Aðalsteins Jóhannssonar f.h. Linde Gas ehf. kt. 490293-2059 dags. 11.05.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir áfyllingu á gashylki sem notast í matvælaíðnaði að Búðahelli 8 Hafnarfirði. Fasteignanr. 2330046. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 23.6.2026.

Með vísun til matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

4. Nýbýlavegur 8 Kópavogur - matvælavagn - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Daníels Inga Sigbórssonar f.h. Kaffi Dropi ehf. kt. 450326-1940 dags. 01.05.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælavagn sem selur kaffi og bakkelsi með aðstöðu að Nýbýlavegi 8 Kópavogi. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 22.6.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

5. Kaplahraun 19, Hafnarfirði - bifreiðaverkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Þorvalds Stefánssonar f.h. Uppland ehf., kt. 520722-0330, dags. 23.6.2026., þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Kaplahrauni 19, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074283. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.6.2026. bréf sent á byggingarfulltrúa dags. 24.09.2025. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 24.09.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

6. Þverholt 1 Mosfellsbær - veitingastaður og veislubjónusta - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Þórðar Þrastarsonar f.h. Oak restaurant ehf., kt. 621025-2010 dags. 18.05.2026, þar sem sótt er um leyfi fyrir veitingastað og veislubjónustu að Þverholti 1, Mosfellsbæ. Fasteignanr. 2084981. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 15.06.2026. Bréf sent bygg.f. dags. 20.5.2026. Ítrekun 15.6.2026. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 15.6.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

7. Þverholt 1 Mosfellsbæ - veitingaleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 19.05.2026 f.h. Oak restaurant ehf., kt. 621025-2010 þar sem sótt er um veitingaleyfi í flokki II - A Veitingahús í fl. II, fyrir Oak Restaurant ehf., Þverholti 1 Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2084981. Hámarksfjöldi gesta 170 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

117. Afgreiðslufundur HEF

1. júlí 2026

1. Bryggjuvör 3 Kópavogi - bifreiða- og vélaverkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Einars Jóhannesar Sindrasonar f.h. Bílasport ehf., kt. 540113-1140 dags. 26.06.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Bryggjuvör 3, Kópavogi. F2061129. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 3.6.2026.

Með vísun til mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

2. Dalbrekka 29 Kópavogi - matsöluvagn - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Andreu Önnu Ingimarsdóttur f.h. AAI ehf / Churros Wagon., kt. 680314-0710 dags. 25.06.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs matsöluvagns með aðstöðu að Dalbrekku 29 Kópavogi. Fasteignanr. F2064437. Eftirlitsskýrsla dags. 1.7.2026.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3. Kársnesbraut 106 Kópavogur - Bifreiða- og vélaverkstæði - Skráning

Lögð fram umsókn Birkis Más Benediktssonar f.h. Cozy Campers ehf., kt. 550514-0520 dags. 21.06.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Kársnesbraut 106, Kópavogi. F2222392. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 19.3.2026.

Með vísun til mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

4. Hlíðasmári 15 Kópavogi - skólahúsnæði - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Kjartans Jónssonar f.h. Múltíkúltí-íslenska ehf., kt. 440711-0300 dags. 29.05.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir skólahúsnæði að Hlíðasmára 15, Kópavogi. Fasteignanúmer húsnæðis: F2237068 Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 1.7.2026. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 2.06.2026. Jákvætt svar 3.06.2026. Auglýst: 02.06.2026-30.06.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. Lónsbraut 6 Hafnarfirði - matvælaframleiðsla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Valtýs Sævarssonar f.h. Icelandika ehf., kt. 560425-1980 dags. 26.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu og dreifingu matvæla að Lónsbraut 6 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2259953. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 30.6.2026. Erindi sent byggingarfulltrúa dags. 14.05.2025. Jákvætt svar dags. 21.05.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

6. Dalshraun 15 Hafnarfirði - gististaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Guðna Dags Kristjánssonar f.h. Hótel Vík ehf., kt. 650906-0550 dags. 24.06.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gististað að Dalshrauni 15 Hafnarfirði. Fasteignanr. F207437. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 01.07.2026. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 23.06.2026. Jákvætt svar 23.06.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

7. Dalshraun 15 Hafnarfirði - gistileyfi - umsögn

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 30.03.2026 móttakið 23.06.2026 með breytingu gestafjölda, f.h. Hótel Vík ehf., kt. 650906-0550 þar sem sótt er um leyfi til reksturs Gististaðar í Flokkur II - B Stærra gistiheimili í fl. II að Dalshrauni 15 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074347. Hámarksfjöldi gesta: 37 gestir.

Eftirlitsskýrsla dags. 01.07.2026. Bréf sent byggingarfulltrúa dags.. 23.6.2026. Samþykki byggingarfulltrúa dags. 23.6.2026.

Jákvæð umsögn staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.